

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 5.5.2023  
Tilvísun: 20230404964

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um tekjuskatt (eftirlitsheimildir, endurgreiðsla og séreignarsparnaður) – þskj. 1488, 952. mál**

Ríkisskattstjóri hefur þann 21. apríl sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu var gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (vskl.) í því skyni að bæta virðisaukaskattsskil og styrkja eftirlit skattyfirvalda með aðilum á virðisaukaskattsskrá.

Ríkisskattstjóri telur vert að benda á eftirfarandi:

Fyrirhugaðar breytingar á 5. gr. vskl., n.t.t. með breyttri 6. mgr. og nýrri 9-10. mgr., gera ráð fyrir því að séu opinber gjöld aðila áætluð eða í vanskilum þá sé ríkisskattstjóra heimilt að synja viðkomandi um skráningu á virðisaukaskattsskrá eða úrskurða hann af skránni, að tilteknum öðrum skilyrðum uppfylltum.

Með vísan til að framkvæmdin kann að ráðast af því, hvað átt sé við með „*opinber gjöld*“ er nauðsynlegt að skilgreina nánar hvað falla skuli undir þetta hugtak í skilningi breyttrar 5. gr. vskl., og ennfremur hvaða viðmið skuli leggja til grundvallar mati á „*vanskilum*“ þannig að eðli þeirra með t.t. fjárhæða og annarra þátta valdi eftir atvikum synjun á skráningu eða leiði til afskráningar á virðisaukaskattsskrá. Það er mat ríkisskattstjóra að ákjósanlegt væri að mælt yrði fyrir um að þessi atriði yrðu skýrð frekar í reglugerð og yrði þá nærtækast að gera breytingar á reglugerð nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldson